

Landstólpi ehf.
Gunnbjarnarholti
801 Selfoss

Akureyri, 4. júlí 2023
UST202305-024/H.Ö.J.
07.06.02

Söluskrár ársins 2022 fyrir notendaleyfisskyldar vörur - Málslök

Vísað er til bréfs dags. 11. maí 2023 þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir gögnum vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2022. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á ábyrgð fyrirtækja skv. 4. mgr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna en þar er kveðið á um að sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur beri ábyrgð á því að einungis handhafa gilds notendaleyfis séu afhentar slíkar vörur.

Sala á notendaleyfisskyldum vörum til einstaklinga sem ekki eru með notendaleyfi í gildi telst því vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

Stofnunin ítrekaði í eftirlitsskýrslu við fyrirtækið að uppfylla skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 hvað þetta varðar en fyrirtækið sinnti ekki skyldum sínum skv. framangreindum ákvæðum. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@ust.is.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla